

**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 17. desember 1974****um viðbætur við tilskipun 71/307/EBE um samræmingu á  
lögum aðildarríkjanna um textílheiti****(75/36/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Bæta þarf við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 71/307/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um textílheiti <sup>(3)</sup> samsvarandi dönsku orðum yfir táknanirnar sem þar eru.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*Bæta skal sjötta undirlið við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 71/307/EBE:  
„– Friskklippet uld.“*2. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 1974.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. DURAFOUR

*forseti.*

---

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 93, 7. 8. 1974, bls. 86.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 125, 16. 10. 1974, bls. 52.<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 185, 16. 8. 1971, bls. 16.